

**1142. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 22. febrúar 2021
og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður, Daníel Jakobsson formaður og Nanný Arna Guðmundsdóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri og Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

Daníel Jakobsson yfírgaf fundinn kl. 8.07. Marzellíus Sveinbjörnsson tók við stjórn fundarins.

1. Ráðning sviðsstjóra Skóla- og tómstundasviðs 2020 - 2020120066

Lagt fram til kynningar minnisblað Birgis Gunnarssonar, bæjarstjóra, dags. 19. febrúar 2021, varðandi ferli og næstu skref við ráðningu sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.

Lagt fram til kynningar.

Daníel kom aftur inn á fundinn kl. 8.16. Daníel tók aftur við stjórn fundarins.

2. Hjúkrunarheimilið Eyri - viðbygging - 2020 - 2020040005

Lagður fram tölvupóstur Hannesar Frímanns Sigurðssonar, f.h. Framkvæmdasýslu ríkisins, ásamt tillögum VA arkitekta, dags. 15. febrúar 2021, en óskað er endurgjafar og sjónarmiða sveitarfélagsins varðandi mögulega staðsetningu.

Málinu vísað til skipulags- og mannvirkjanefndar til umsagnar.

Bæjarstjóra jafnframt falið að óska eftir fundi VA arkitekta með bæjarráði.

3. Umsókn um stofnframlag - Bæjartún hses.. - 2021020097

Lagt fram erindi Ómars Guðmundssonar, f.h. Bæjartúns hses, dags. 11. febrúar 2021, þar sem sótt er um 12% stofnframlag til Ísafjarðarbæjar vegna byggingar 10 nýrra íbúða sem félagið hefur áhuga á að byggja í Ísafjarðarbæ. Jafnframt er lagt fram minnisblað Axels R. Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 18. feb. 2021, vegna málsins.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

4. Sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi - Háafell - 2016020056

Lagt fram bréf Tinnu Jónsdóttur f.h. Skipulagsstofnunar, dags. 15. febrúar 2021, þar

sem óskað er umsagnar Ísafjarðarbæjar um hvort 6.800 tonna ársframleiðsla á laxi og regnbogasilungi í sjókvíum Háafells í Ísafjarðardjúpi skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Umsagnarfrestur er 3. mars 2021.

Bæjarstjóra falið að vinna umsögn.

5. Almennar styrkbeiðnir og styrktarlínur 2021 - 2021020086

Lagður fram tölvupóstur Jónasar Guðmundssonar, verkefnastjóra slysavarna hjá Landsbjörgu, dags. 15. febrúar 2021, þar sem óskað er eftir því að Ísafjarðarbær leggi verkefninu Safe-travel lið með kaupum á styrktarlínu.

Bæjarstjóra falið að vinna málið áfram.

6. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2021 - 2021010023

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dags. 18. febrúar 2021, þar sem Ísafjarðarbær er sent til umsagnar frumvarp til laga um áfengislög (sala á framleiðslustað), 504. mál. Umsagnarfrestur er til 4. mars 2021.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar styður framkomið frumvarp enda mun það hafa jákvæð áhrif á minni brugghús til uppbyggingar atvinnulífs, sérstaklega á landsbyggðinni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 8:44

Marzellíus Sveinbjörnsson

Daníel Jakobsson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Birgir Gunnarsson

Bryndís Ósk Jónsdóttir